

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar til 31. maí 1981.

Með skirskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar til 31. maí 1981:

Söltuð ufsaflök:	D. M. pr. lest cif.
16/20 FF	5 770
16/20 AB	4 800
21/25 SL	6 220
21/25 FF	5 550
21/25 AB	4 630
26/30 SL	5 980
26/30 FF	5 340
26/30 AB	4 450
31/35 SL	5 720
31/35 FF	5 110
31/35 AB	4 250
36/40 SL	5 460
36/40 FF	4 870
36/40 AB	4 050
41/45 SL	5 210
41/45 FF	4 650
41/45 AB	3 860
46/50 SL	4 910
46/50 FF	4 350
51/60 SL	4 170

Verðbil verður 3½% og miðast jafnt við verðhækkun sem verðlækkun.

Greiðslur í eða úr sjóðnum verða 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Verðin miðast við viðskiptagengi eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 24. febrúar 1981.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á viðmiðunarverði á loðnuafurðum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar og til loka vetrarloðnuvertíðar 1981.

Með skirskotun til laga nr. 72 18. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi viðmiðunarverð á loðnuafurðum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar og til loka vetrarloðnuvertíðar 1981:

Loðnumjöl \$ 8,50 á próteineiningu í lest.

Loðnulýsi \$ 520,00 fyrir hverja lest.

Verðbil verður ekkert.

Greiðslur í eða úr sjóðnum skulu nema 50% fyrir mjöl og 65% fyrir lýsi af verðbreytingum frá viðmiðunarverði.

Verðin miðast við eif. og gerast upp á viðskiptagengi eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 9. mars 1981.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

AUGLÝSING

um umferð í Kópavogi.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968, og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Kópavogs eru hér með settar eftirgreindar reglur um umferð í Kópavogi:

1. Bifreiðastöður skulu vera bannaðar við austanverða Dalbrekku frá Nýbýlavegi og í framhaldi af því skulu bifreiðastöður vera bannaðar við norðanverða götuna 10 metra til austurs.
2. Umferð um Hamraborg, frá Vallartröð að hlaði Kópavogskirkju, njóti aðalbrautarréttar fyrir umferð aðliggjandi gatna, þannig að umferð þeirra víki fyrir umferð um Hamraborg, samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968.
3. Strætisvögnum er heimill akstur gegn einstefnu á vegi á vestari gjáarbarmi (gamla Hafnarfjarðarvegi), á milli Borgarholtsbrautar og Hamraborgar.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 og koma til framkvæmda þegar í stað. Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð í Kópavogi sem brjóta í hága við ákvæði auglýsingar þessarar.

Bæjarfógetinn í Kópavogi, 10. febrúar 1981.

Leó E. Löve, fulltrúi.

AUGLÝSING

um umferð í Vestmannaeyjum.

Að fenginni tillögu bæjarstjórnar Vestmannaeyja og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð í Vestmannaeyjum: